



STARFSMAANAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

4. tbl. 42. árg. sept. 2007



**Viðhorfskönnun
Námskeið og fyrirlestrar á haustönn
Uppskriftir frá Ítalíu
Félag stuðningsfulltrúa í Reykjavík stofnað**

Leiðari



Fulltrúaráðskosningar

Kjörtímabili núverandi fulltrúaráðs félagsins lýkur í október n.k. Fulltrúar, sem jafnframt eru trúnaðarmenn viðkomandi vinnustaða, eru kosnir til tveggja ára í atkvæðagreiðslu í deildum, sem fram fer í októbermánuði á öllum vinnustöðum þar sem félagsmenn í St.Rv. starfa. Fulltrúaráðið hefur mikið vægi í félaginu og

er mikilvægt að það sé vel skipað. Því skiptir það verulegu máli fyrir félagsstarfið allt að félagsmenn sýni kosningum þessum áhuga og taki fullan þátt í þeim, með því að bjóða sig fram til verka og auðvitað að taka þátt í sjálfum kosningunum þegar þar að kemur. Það er von mín að sem flestir núverandi fulltrúar/-trúnaðarmenn gefi kost á sér til starfa aftur þannig að reynsla þeirra og yfirsýn blandist ferskleika nýliðanna.

Verkefni þeirra er, auk þess að vera trúnaðarmenn félagsins og félagsmanna úti á vinnustöðum, að gegna lykilhlutverki í mótun á stefnu félagsins til lengri og skemmri tíma.

Það er mikilvægur hluti að lýðræðislegri uppbyggingu félagsins.

verið í vinnslu undanfarið. Hillir undir útgáfu hennar í heild sinni á næstu dögum.

Kjarasamningsár

Starfsmannafélagið gerir kjarasamning við ýmsa vinnuveitendur og fer viðsejendum fjölgandi. Helstu ástæður þess eru ýmsar skipulagsbreytingar og einkavæðingar hjá borgaryfirvöldum.

Fyrstu kjarasamningarnir, sem félagið gerir, losna um áramótin og síðan koll af kelli þar til að stærstu kjarasamningar okkar losna um mánaðamótin október/nóvember 2008.

Þannig að það má segja að árið 2008 verði kjarasamningsár fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Það er því bráðnaðsynlegt að félagið, samninganefndir og nýtt fulltrúaráð þess haldi vel á spöðunum á þessu samningarári.

*Garðar Hilmarsson
formaður St.Rv.*

Kjara- og þjónustukönnun

Síðastliðinn vetur gerðum við kjara- og þjónustukönnun meðal félagsmanna. Fyrstu drög hennar hafa verið kynnt gróflega í fulltrúaráðinu, sérstaklega sá hluti sem snýr að þjónustu félagsins og er sagt frá þeim hluta hér í Fréttabréfinu. Þetta var mjög viðamikil könnun og hefur skýrsla um hana

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsiðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Jakobína Þórðard. ofl.

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen, fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson starfandi form.

Gunnar Ingi Jónsson, verkefnisstj.

Jakobína Þórðardóttir,

fræðslu- og upplýsingafulltrúi

Sjöfn Ingólfssdóttir, verkefnisstjóri

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

sjofn@strv.bsrb.is

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Guðríður Sigurbjörnsdóttir

Guðrún Árnadóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Jakobína Þórðardóttir - varaform.

Jón Ingi Hilmarsson - ritari

Jónas Engilbertsson

Ragnhildur Helgadóttir

Víglundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri

Þóra Sigurðardóttir

Þórdís Sigurðardóttir

gardar@strv.bsrb.is

gudridur@borgarbokasafn.is

gudrunam@fel.rvk.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

jakobina@strv.bsrb.is

jhilmars@landspitali.is

holaberg@talnet.is

raggah@itr.is

viglundur.runar.jonsson@or.is

thoras@rvk.is

tordisey@itr.is

Nú er veður til að skapa

Það virðist vera ótrúlega mikil sköpunarþörf og kraftur hjá fólki í þessu landi. Þegar gengið er niður Laugavegin og Skólavörðustíginn þá er fjöldinn allur af búðum sem selja íslenska hönnun og myndlist, sumt í heimsklassa. Þegar Handverk og hönnun heldur sýningar kemur í ljós að stór hópur fólks, skólagengið og óskólagengið er að gera mjög fína hluti. Fólk fjölmennir til að sýna á handverks-sýningunni á Hrafnagili, í handverkshúsum um land allt og á jólamörkuðum. Þegar Heimilisiðnaðarfélagið auglýsir þrjónakaffi þá er fullt út úr dyrum.


Það er mikið um að vera hjá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands þessa dagana. Félagið er ekki bara að flytja með allt sitt hafurtask af Laufásveginum í Nethyl 2 og undirbúa námskeið vetrarins heldur stendur líka fyrir dyrum Norrænt þing í lok september. Þingið hefur yfirskriftina Handverkshefð í hönnun. Framtíðin er í okkar höndum.

Með góðum fyrirvara bauð heimilisiðnaðarfélagið menntastofnunum á öllum stigum, söfnum og ýmsum samtökum lista- og handverksfólks til samstarfs. Markmið með samstarfinu er að nýta þetta tækifæri sem þingið er til að efla veg handverkshefðarinnar. Þetta hefur orðið til þess að fjöldi manns hefur verið að skoða okkar

gömlu handverkshefð, efni og munstur og skapa eitthvað nýtt úr því. Afrakstur þessa samstarfs verður sýndur á þremur sýningum. Í Gerðubergi sýna listamenn, hönnuðir og handverks- og listiðnaðarfólk verk sín. Í Norræna húsinu verður samsýning allra skólastiga, þar sýna grunnskóli, Listaháskólinn, útsaumsskóli o.fl. Þessar sýningar verða opnaðar 22. september. Á Árbæjarsafni sýndi Faldafeykir, samstarfshópur kvenna innan Heimilisiðnaðarfélags Íslands, verk byggð á faldbúningnum. Rúsinan í pylsuendanum er að í tilefni þingsins verður gefin út Sjonabók. Það er teiknuð bók með helstu munstrum sem varðveist hafa með íslensku þjóðinni. Þau er hægt að nota til að þrjóna eftir, sauma, vefa, skera út eða bara eins og fólk lystir. Bókinni á að fylgja geisladiskur með öllum munstrunum. Er ykkur ekkert farið að klæja í fingurna?

Í lokin er gott að benda fólki á að hægt er að sækja um styrk til tómstundanáms í starfsmenntunarsjóð.

*Dagný Guðmundsdóttir
Minjasafni Reykjavíkur*



Um styrktarsjóð BSRB

Markmið sjóðsins:

Sjóðurinn styrkir fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsuefingar og forvarni gegn sjúkdómum. Sjóðurinn greiðir einnig bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatilfellum eftir því sem nánar er mælt fyrir í úthlutunarreglum.

Hverjir eiga rétt á styrk úr sjóðnum?

Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið vegna þeirra í sjóðinn í a.m.k. 6 mánuði fyrir styrkveitingu.

Hvernig sækji ég um hjá sjóðnum?

Umsókn um styrk skal gerð á til þess gerðum eyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðu sjóðsins. Umsókn skal skilað til skrifstofu Styrktarsjóðs BSRB, Grettisgötu 89 (1. hæð), 105 Reykjavík ásamt tilskildum gögnum.

Afgreiðsla styrkja:

Umsókn skal hafa borist skrifstofu sjóðsins eða hafa verið pósthöfð áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að réttur til greiðslu stofnaðist. Umsókn

skal skilað inn fyrir 15. hvers mánaðar. Að jafnaði er greitt út síðasta dag hvers mánaðar eða næsta virka dag á eftir.

Gott að vita:

Réttur sjóðfélaga er bundinn við aðild að sjóðnum líkt og reglur sjóðsins kveða á um. Sjóðfélagar eiga rétt á styrk úr sjóðnum í 6 mánuði eftir að þeir hætta störfum. Starfsmenn sjóðsins hafa heimild til að endursenda umsóknir ef gögn fullnægja ekki reglum sjóðstjórnar.

Hafa samband:

Hægt er að hringja og fá nánari upplýsingar um starfsemi sjóðsins í síma 525-8380 eða senda inn fyrirspurn í tölvupósti á netfangið astridur@fos.is

Allar umsóknir eru trúnaðarmál.

Sjá nánar um þætti sem eru styrktir á heimasíðu sjóðsins.

Kjara- og þjónustukönnun -þjónustuhluti



Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hefur undanfarið verið að vinna að nýrri stefnumótun fyrir félagið. Af því tilefni var ákveðið að gera könnun meðal félagsmanna til að leita álits þeirra á ýmsum þáttum varðandi starfsemi félagsins. Stjórnin skipaði starfshóp sem vann að undirbúningi þjónustu- og kjarakönnunar. Hópurinn setti niður markmið með könnuninni og leitaði tilboða. Félaginu bárust tilboð frá Capacent og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og var tilboði Félagsvísindastofnunar tekið. Spurningalisti var síðan unninn af starfshópi í samráði við Félagsvísindastofnun.

Markmið könnunarinnar var þrjúþætt. Í fyrsta lagi að kanna viðhorf félagsmanna til félagsins og þjónustu þess. Í öðru lagi að kanna kjör starfsmanna, samsetningu launa og kynbundinn launamun. Í þriðja og síðasta lagi var ætlunin að kanna viðhorf félagsmanna til ýmissa þátta í kjarasamningi s.s. starfsmats, símenntunar og hæfnislauna.

Könnunin var gerð í febrúar og mars og var símakönnun. Hún náði til 1.500 manna úrtaks félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og var svarhlutfall 63,4% sem telst mjög gott í könnun sem þessari.

Í þessu fréttabréfi ætlum við að kynna þjónustuþátt könnunarinnar en í næsta fréttabréfi verður kjarapátturinn kynntur.

Þjónusta og viðhorf til starfsmannafélags.

Samantekt niðurstaðna úr skýrslu:

- Rúmur helmingur svarenda hefur leitað eftir þjónustu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Þar af leitundu hlutfallslega flestir til félagsins vegna umsóknar í Styrktarsjóð BSRB (35%) eða vegna kjaramála, launamála eða túlkun samninga (21%).
- Algengast er að fólk leiti til félagsins með heimsókn á skrifstofuna (38%) og álíka margir hafa samband símleiði (37%).
- Mikill meirihluti svarenda (84%) fékk svör við því sem þeir spurðu um eða lausn sinna mála.
- Þrjátíu og átta af hundraði svarenda telja sig vita hver helstu verkefni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar eru og svipað hlutfall (37%) telur sig vita það að einhverju leyti.
- Meirihluti svarenda (63%) skoðar heimasíðu Starfsmannafélags

Reykjavíkurborgar nokkrum sinnum í mánuði eða sjaldnar en þriðjungur svarenda hefur aldrei skoðað hana. Um það bil tveir af hverjum þremur ófaglærðum svarendum hafa aldrei skoðað síðuna og 5% stjórnenda.


- Langflestir lesa fréttabréf Starfsmannafélagsins (86%), þar af flettir rúmur helmingur (51%) blaðinu lauslega og 30% lesa það að hluta til.
- Almenn ánægja er með starfsemi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Tveir af hverjum þremur svarendum eru mjög eða frekar ánægðir með starfsemi.
- Flestir svarendur (67%) telja að félagsmenn hafi jákvæða afstöðu til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
- Tveir af hverjum þremur svarendum eru sammála þeirri fullyrðingu að þegar Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar ber á góma er sú umræða yfirleitt vinsamleg.
- Flestir svarendur (84%) eru þeirrar skoðunar að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar sé talið vera traust.

Stjórn félagsins mun nýta sér niðurstöðurnar í stefnumótun félagsins. Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður að flestu leyti þá gefur könnunin vísbendingar um hvar skóinn krepur. Til að mynda er eitt af verkefnum félagsins að ná betur til yngri félagsmanna með kynningu og upplýsingum um starfsemi félagsins. Einnig er ljóst að það þarf stöðugt að vinna að því að viðhalda og bæta þjónustu félagsins gagnvart félagsmönnum.

Starfshópin skipuðu

Úr stjórn félagsins þær, Jakobína Þórðardóttir, Guðrífur Sigurbjörnsdóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir.

Framhald verður á umfjöllun um niðurstöður könnunarinnar í næsta fréttabréfi.



VIKA SÍMENNTUNAR

Vika símenntunar verður haldin 24.-30. september 2007. Markmið viku símenntunar er að auka símenntun í atvinnulífinu og hvetja fólk til að leita sér þekkingar alla ævi. Í viku símenntunar 2007 er lögð áhersla á að ná til þeirra sem hafa litla formlega menntun og hvatt til þess að huga sérstaklega að læsi og lestrarörðugleikum á vinnustað.

Miðvikudagurinn 26. september er árlegur símenntunardagur í fyrirtækjum og stofnunum. Fyrirtæki eru hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum, t.d. með því að kynna starfsmönnum fræðslustefnu fyrirtækisins, bjóða upp á námskeið eða fá kynningar frá fræðsluaðilum.

Fræðsluaðilar, fyrirtæki, stofnanir og allir þeir sem koma að símenntun eru hvattir til að nýta sér verkefnið til hvatningar og kynningar á því símenntunarstarfi og starfsþjálfun sem fram fer hér á landi. Jafnframt biðjum við fyrirtæki, félög og stofnanir að senda okkur upplýsingar á tölvupósti um það sem gert er í tilefni af viku símenntunar.

Menntamálaráðuneytið stendur fyrir viku símenntunar en framkvæmd verkefnisins er í nánú samstarfi við símenntunarstöðvarnar nú á landsbyggðinni og Mími-símenntun á höfuðborgarsvæðinu. Vika símenntunar er stórt og árvisst verkefni þar sem fjölmargir hagsmunaaðilar eru kallaðir til samstarfs um að vekja athygli á mikilvægi símenntunar og hvetja fólk til að leita sér þekkingar.

Vissir þú að...

fyrsti barnaskólinn í Reykjavík á vegum bæjarins tók til starfa haustið 1862. Hann var til húsa þar sem nú er Hafnarstræti 14. Fyrsta skólaárið voru nemendur 50. Inntökuskilyrði voru þrjú. Börnin áttu að vera minnst sjö ára og heilsuhaust svo draga mætti úr hættu á smitsjúkdómum. Í öðru lagi skyldu þau í það minnsta vera farin að kveða að stuttum orðum, þótt ekki væru þau læs. Loks voru svo gerðar kröfur um hegðun en barn sem ætlaði að fá inngöngu í skólann mátti ekki vera "illa ræmt fyrir óknytta og vonda siði" eins og komist var að orði í reglugerð.



Framvegis

miðstöð um símenntun

www.framvegis.is

Framvegis miðstöð um símenntun er sjálfstætt fræðslufyrirtæki í eigu Verzlunarskóla Íslands, BSRB, Sjúkraliðafélags Íslands, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og SFR stéttarfélags í almannaþjónustu. Framvegis vinnur í nánú samstarfi við ofangreinda aðila, Fræðslusetrið Starfsmennt, símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og fleiri aðila.

Framvegis hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en þjónusta við aðrar starfsstéttir eins og starfsfólk í skrifstofu-, verslunar- og þjónustustörfum kemur til með að verða stærri þáttur í starfsemi Framvegis á næstu misserum, sem og íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Upplýsingar um námskeið á haustönn er að finna á heimasíðu okkar www.framvegis.is
Einnig er hægt að hafa sambandi við okkur í síma 5814914 á símatíma, sem er virka daga milli klukkan 10:00 - 12:00

Gott að vita!

Námskeið og fyrirlestrar - haustönn 2007

St.Rv. og SFR bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á haustönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá haustsins og er markmiðið bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Skráning og nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.), www.strv.is sími 525-8330 jakobina@strv.bsrb.is

Kvennafn lækkar launin

-Tilraun á mögulegum skýringum á óútskýrðum launamuni kvenna og karla.

Nýtt

Tími: Mið. 19. sep. kl. 16:30-18

Lengd: 1 klst.

Staður: Grettisgötu 89.

Leiðbeinandi: Þorlákur Karlsson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:Í fyrirlestrinum verða ræddar niðurstöður rannsóknar á því að hve miklu leyti launamunur kynjanna, sem hingað til hefur verið talinn óútskýrður, geti falist í viðhorfum í þjóðfélaginu og speglast t.d. í því að konum séu boðin lægri laun en körlum og þeim sé einnig ráðlagt að þiggja lægri laun. Rætt er um hugsanleg viðbrögð og varað er við að gripíð sé til lagasetningar og annarra skyndilausna við að reyna að draga úr launamuni — taka þurfi á vandanum öðrum og traustari tókum.

Stafganga

Tími: a) 24., 26. sep., 1, 3. og 8. okt. (mán./mið.) kl. 18-19.

b) 9., 11., 16., 18. og 23. okt. (þri./fim.) kl. 18-19.

Lengd: 5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð og Laugardalurinn.

Leiðbeinandi: Halldór Hreinsson, stafgöngukennari og göngu-fararstjóri m.m.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Fjallað verður um stafgöngu, sem hefur farið eins og eldur í sinu um Evrópu, og hvaða tækni er best að beita við slíka göngu. Námskeiðið er þannig uppsett að fyrsti tíminn er fyrirlestur og næstu 4 tímar eru gönguæfingar. Gengið verður í Laugardalnum (hist við Skautahöllina). Rannsóknir hafa leitt í ljós að brennslan er 20% meiri en í venjulegri göngu og stafgangan styrkir líkamann að auki 40% meira en venjuleg ganga.

Skapandi skrif

- um frásagnarlistina sem tæki til að skapa, skilja og skemmta.

a) Mið. 26. sep., 3. og 10. okt. kl. 19-22:30.

b) Fim. 25. okt., 1. og 8. nóv. kl. 19-22:30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Á þessu námskeiði miðla ég af reynslu minni á sviði skapandi skrifa og beini sérstaklega athyglinni að mikilvægi sögunnar í daglegi lífi okkar allra. Það er manninum eiginlegt að tjá tilveru sína í sögum af öllu tagi og það er ekki síst þeirra vegna sem líf okkar öðlast merkingu þegar allt kemur til alls. Með aukinni meðvitund um þann sagnaanda sem við höfum yfir að ráða opnast okkur fleiri leiðir til að tjá og túlka á nærandi hátt það líf sem við lifum og byggja upp innihaldsríkari og jákvæðari samskipti við aðra.

Á námskeiðinu kynni ég til sögunnar einföld en notadrjúg verkfæri fyrir þátttakendur að nýta til eigin skráningar og sköpunar, þar sem tilgangurinn er fremur að skerpa eigin meðvitund og upplifanir fremur en skapa stórvirki á bókmenntamarkaði - þó slíkt sé vissulega velkomið í leiðinni.

Form; Stuttir fyrirlestrar, einföld verkefni og samræður.

Ljósmyndun

Tími: Þri. 9., 16. og 23. okt. kl. 16:30-19:30.

Lengd: 9 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Á námskeiðinu verður farið í helstu stillingar á vélinni og kennd undirstöðuatriði í stafrænni ljósmyndatækni auk almennri myndatöku (landslag, portrett og fl.). Gefin verða góð ráð hvernig á að setja myndir í tölvu, senda myndir í tölvupósti og prenta út, auk þess að skipuleggja myndasafn og geyma myndir. - Ath. Æskilegt er að þátttakendur hafi meðferðis stafræna myndavél og að hún sé fullhlaðin.

Þekkir þú kjarasamninginn?

Tími: Þri. 16. okt. kl. 16:30 -18:45

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinendur: Árni Stefán Jónsson formaður SFR og Garðar Hilmarsson formaður St.Rv.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing:Markmiðið með námskeiðinu er að þátttakendur fræðist um ýmis algeng atriði í kjarasamningnum sem gott er að þekkja. Farið verður yfir uppbyggingu launaseðla og lauflett dæmi leyst í sameiningu.

Starfsmannasamtöl

Tími: Mið. 17. okt. kl. 16:30 -19:30

Lengd: 3 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinendur: Eyþór Eðvarðsson, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Fjallað verður um starfsmannasamtöl, þ.e. þegar stjórnandi og starfsmaður setjast niður, oftast einu sinni á ári, og ræða frammistöðu beggja. En þá eru rædd m.a. upplifun starfsmannsins í vinnunni, starfsánægja, stjórnun, starfið sjálft, samskipti og líðan á vinnustað, markmið og hvaðeina annað sem stjórnandi og starfsmaður telja að þurfi að ræða. Starfsmannasamtal á að vera uppbyggilegt og opinskátt samtál. Í samtalinu gefst tækifæri á að

Nýtt

bæta hlutina, skilgreina markmið starfsmannsins, ræða starfsframa og aukna ábyrgð og skilgreina þörf starfsmannsins á starfsþróun og fræðslu. Starfsmannasamtal býður líka upp á tækifæri til að hrósa starfsmanni fyrir vel unnin störf. Gildi starfsmannasamtala er ótvírætt en það er eins og með margt annað, það er ekki sama hvernig þau eru framkvæmd og það eina sem er auðvelt er að gera það illa.

Hvort ég get, ekki málið... **grunnnámskeið -Sjálfsímynd og samskipti**

Tími: 7., 13., 14. og 20. nóv. (mið./þri.) kl. 19-22.

Lengd: 5 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Námskeiðið miðar að því að auka sjálfstraust einstaklinga, gera þá öruggari og ánægðari með sig og kenna ýmsar aðferðir til að ná þeim markmiðum. Þátttakendur eru vaktir til vitundar um tengsl jákvæðrar sjálfsímyndar og góðra samskipta. Mótun og inntak sjálfsímyndar skoðað, sýnt fram á að hún er lifandi og breytanleg og rýnt í mikilvægi samspils hugsunar og hegðunar. Aðferðir og æfingar í markmiðssetningu og ákveðniþjálfun. Námskeiðið byggir á lifandi samræðum kennara og þátttakenda.

Félagslegur og andlegur aðbúnaður á vinnustað

Tími: Mið. 7. nóv. kl. 16.30-18.30.

Lengd: 2 klst.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Leiðbeinandi: Guðmundur Kjerúlf, stjórnsýslufræðingur M.A. og verkefnisstjóri hjá Vinnueftirlitinu.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Fjallað verður um félagslegan og andlegan aðbúnað á vinnustað og aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum en Vinnueftirlitið hefur leiðbeinandi hlutverk og eftirlitsskyldu í eineltismálum. Leitast verður við að svara spurningunum; Hvað er einelti, hvað er kulnun og hvað er kynferðisleg áreitni. Einnig verða hugleiðingar um hvernig hægt sé að sporna við því að þessi mál komi upp á vinnustað. Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er krafa á hendur atvinnurekendum um áhættumat en það þarf einnig að gera í þessum málaflokki.

Hádegisfróðleikur

Fjölmenning á íslenskum vinnustöðum

Tími: Fim. 27. sep. kl. 12-12:50

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Fyrirlesari: Sólveig Jónasdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Alþjóðahús

Ekkert þátttökugjald.

Farið verður yfir:

- Stöðu innflytjendamála á Íslandi almennt og stöðu mála á vinnumarkaði. Breytingar og þróun undanfarinna ára skoðaðar og ræddar.
- Stöðu innflytjenda með tilliti til vinnustaðar. Þá verður einnig stiklað á stóru í umræðunni um fordóma og staðalímyndir.
- Hlutverk trúnaðarmanna á fjölmenningslegum vinnustað. Skoðuð verður hin nýja staða trúnaðarmanna, mögulegar breyttar skyldur þeirra og ábyrgð með tilliti til fjölmenningslegs vinnustaðar.
- Samskipti á vinnustað, hvernig hægt er að verða betri vinnufélagi, samskipti þrátt fyrir tungumálaörðugleika og hvernig bæta má starfsandann á vinnustaðnum.

Hæfilegt álag er heilsu best - Líkamleg álagseinkenni

Tími: Fim. 25. okt. kl. 12-12:50.

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Fyrirlesari: Fulltrúi frá Vinnueftirlitinu, nánar kynnt síðar.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Í tilefni af vinnuverndarviku Evrópsku vinnuverndarstofnunarinnar, haldin 22.-26. október, verður fjallað um vinnuvernd en að þessu sinni beinast augun að álagseinkennum vegna vinnu. Verður sjónum beint annars vegar að því hvernig hægt er að koma í veg fyrir líkamleg álagseinkenni og hins vegar hvernig hægt er að halda fólki í starfi, endurhæfa það og færa til í starfi þá sem kljást við vandamálið.

Evrópsk ferilskrá - Europass

Tími: Mið. 14. nóv. kl. 12-12:50

Lengd: 50 mín.

Staður: Grettisgötu 89, 1. hæð

Fyrirlesari: Dóra Stefánsdóttir, verkefnisstjóri Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.

Ekkert þátttökugjald.

Lýsing: Fjallað verður um Europass möppuna en í henni eru fimm skírteini eða skjöl sem tengja má hvert öðru. Hægt er að nota öll fimm skírteinin í einu eða hvert fyrir sig. Þau lýsa mismunandi þáttum í menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, tungumála- og menningarreynslu, auk óformlegri þátta eins og persónulegri hæfni einstaklings. Í möppunni sem er samhæfð fyrir öll lönd Evrópu eru því öll skírteini sem skipta máli vegna menntunar- og starfshæfni einstaklings.

Í fyrirlestrinum verður sérstök áhersla lögð á ferilskrána, en Europass ferilskráin er til á 25 tungumálum og er mjög auðvelt að skipta um tungumál. Hægt er að safna eftirfarandi skírteinum í möppuna:

- Evrópski ferilskrá - CV
- Mati og viðurkenningu á starfsmenntun
- Viðauka við prófskírteini - skírteinisviðauka
- Starfsmenntavegabréfi
- Tungumálapassa

ATH. Boðið er upp á samloku og drykk á hádegisfyrirlestrum.

Uppskriftir frá Ítalíu

Leone Tinganelli - starfar í Laugardalslaug



Primo piatto - fyrsti réttur Pasta með ricotta osti og ragú (sósu) alla napoletana.

Ragù alla napoletana fyrir fjóra:

- 2 st. svína kótleittur
- 2 st. ossobuco sneiðar (nautahryggsneiðar)
- 1 dós tomato puré
- 4 dósir passata di pomodoro Grand'Italia (eða tómatar í dós)
- 1/2 laukur finsaxaður
- 1/2 peperoncino ferskur eða þurr (chilli pepper) finsaxaður
- 4 matskeiðar af ólívu olíu extra vergine
- 1 glas rauðvín (ekki nota dýrt rauðvín!)
- Salt (ekki nota svarta pepper)

Ragú alla napoletana (3 til 4 tíma):

setja ólívu olíu í stóran pott með peperoncino, lauk og allt kjötið. Salta bara aðeins.

Það þarf að mauka laukinn og steikja kjötið pínulítið ekki á miklum hita í ca. 20 min.

Þegar allt vatnið sem losnaði úr lauknum er búið að gufa upp, má bæta rauðvíni við og halda svo áfram að elda á sama hita. Þegar vínið er alveg búið að gufa upp má setja tomato puré og allar 4 passata di pomodoro dósirnar og 1/2 dl. af vatni. Bæta pínulitlu salti til viðbótar, en ekki of miklu.

Kjötið verður áfram í sósunni.

Sósuna verður að sjóða í 3-4 tíma á mjög lágum hita: sem sagt loftbólur eiga að koma upp úr með svölitið löngu millibili.

Smakka stundum til að athuga hvort það vantar meira salt.

Þegar ragú sósan er að verða tilbúin má byrja að undirbúa pastað.

Pasta fyrir fjóra

1/2 kg. penne rigate eða rigatoni (Barilla eða De Cecco)

2 dollur af ricotta osti

ferskur parmesan ostur

salt

Blandið 2 stórum ausum af ragú saman við ricotta ostinn (2 dollur) og hafa þetta tilbúið.

Hellið pastanu í sjóðandi vatn þar sem þið eruð búin að salta með 2 matskeiðum af grófu salti. Þegar pastað er tilbúið, hellið þá vatninu af setjið pasta aftur í pottinn og blandið með tilbúnu ricotta ost og ragú.

Setið pasta með ricotta á diskinn, bæta halfrí ausu af ragú ofan í og svo rifnum parmiggiano.

Buon appetito

Secondo piatto - annar réttur Svínakjöt og nautakjöt með ragú sósu ásamt kartöflum í ofni og rucola salati.

Kartöflur í ofni fyrir 4:

Kartöflur í ofni

1,5 - 2 tíma

750 gr. kartöflur

ferskt rósmarin

ólívu olía extra vergine

salt og svartur pipar

Skræla kartöflurnar og skera niður í stórar sneiðar.

Setjið kartöflurnar í fatið, bæta salt, svarta pepper og fersk rósmarin.

Kartöflur eru tilbúnar þegar þær eru aðeins brúnar á litinn.

Salat

Rucola salat

balsamik edik

ólívu olía extra vergine

ferskur parmesan ost

Rucola salat skal blandað á síðastu stundu (sem sagt rétt áður en það er borið fram) með ólívu olíu, pínu litlu af balsamic ediki, salti og rifnum parmesan osti.

Setjið á hvern disk halfa sneið af svína kótlettu og hálfu af ossobuco sem var búið að elda í ragú sósunni,

nokkrar kartöflur (patate al forno) og rucola salat.

Buon appetito

Ég mundi drekka gott Chianti rauðvín með þessu öllu.

Eftir svona máltíð mæli ég með einum góðum kaffi expresso með kannski nokkrum dropum af Sambuca eða Anis út í.

Félag stuðningsfulltrúa í Reykjavík stofnað

-viðtal við Ingunni H Guðjónsdóttur

Í tilefni stofnunar Félags stuðningsfulltrúa í Reykjavík fékk fréttabréfið Ingunni H. Guðjónsdóttur sem var í undirbúningshópi fyrir stofnfundinn og helsti talsmaður hópsins til þess að kynna okkur hvað væri að fréttu af starfinu.

Stofnun félagsins í Reykjavík

Félag stuðningsfulltrúa var stofnað þegar fyrst var farið að bjóða upp á sérsniðið nám fyrir þá. Félagið var á landsvísu og erfitt að halda utan um það. Sér félög á Akureyri og Suðurnesjum voru stofnuð síðar. Því fórum við nokkrar af stað með félag fyrir Reykjavíkurborgina í mars síðastliðnum. Landsfélagið er ekki starfandi sem stendur, en stuðningsfulltrúar út um land hvattir til að mynda með sér hagsmunasamtök.

Landsfélagið hefur haldið úti bloggsíðu í nokkur ár, sem verður opin áfram og vonandi verða stuðningsfulltrúar duglegir að senda efni þar inn.

Slóðin er: <http://studningur.blogg.is/>

Félagið er opið öllum starfandi stuðningsfulltrúum í grunnskólum Reykjavíkur, og er markmiðið að stuðla að samheldni hópsins, efla okkur faglega og vinna að öðrum hagsmunamálum okkar. Við erum félag innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem er okkar stéttarfélag.

Nám fyrir stuðningsfulltrúa

Sérstök starfsnámsbraut er í boði í Borgarholtskóla og víðar. Þetta er 72 eininga nám og voru fyrstu stuðningsfulltrúarnir útskrifaðir fyrir

rúmum tveimur árum. Þegar námið var fyrst kynnt hér í Reykjavík fyrir fjórum árum, var sagt að það yrði metið til launa. Enn hefur það ekki verið viðurkennt til launahækkunar, þrátt fyrir að bæði Starfsmannafélagið og talsmenn félags stuðningsfulltrúa hafi verið síðastliðin ár að berjast fyrir því.

Þetta er óþolandi. Fólk er hvatt til að leggja á sig nám að loknum vinnudegi, nám sem er sérstaklega sniðið að starfinu og gerir okkur hæfari til að takast á við það, en svo er það einskis metið. Það er ekki hvetjandi fyrir þá sem vilja afla sér þessarar menntunar, og styrkir heldur ekki starf skólanna. Ég veit að nokkrar úr útskriftarhópnum mínum eru farnar í önnur störf.

Áskorun til borgarstjóra

Félagið sendi borgarstjóra áskorun af stofnfundinum sl. vor þar sem skorað var á hann að beita sér fyrir því að námið væri metið til launa. Í framhaldinu fórum við Ólína J. Jónasdóttir á fund Vilhjálms borgarstjóra og gerðum honum grein fyrir málinu. Engar niðurstöður eru komnar, en við eigum að hitta Birgi Björn Sigurjónsson skrifstofustjóra starfsmannaskrifstofu eftir nokkra daga, þar sem málið er í hans höndum. Trúi ég ekki öðru en að það leysist farsællega. Starf stuðningsfulltrúa er mikilvægt í skólasamfélaginu og það hefur



sannað gildi sitt á síðastliðnum árum.

Starfið framundan

Næst á döfinni hjá félaginu er fræðslufundur núna í september. Hann verður kynntur með tölvupósti í skólana og á heimasíðu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, en það aðstoðar okkur við að halda slíka fundi.

Að lokum vil ég bara hvetja stuðningsfulltrúa til að mæta og vinna saman að hagsmunum okkar.

Úr kjarasamningi Sumarorlofstímabil

Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabili og allt að fullu orlofi á sama tíma verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar.

Lenging orlofs: Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Það sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil skv. beiðni stofnunar.

Fréttir af starfinu

Samkomulag við Reykjavíkurborg um upplýsingar og samráð

14. júní sl. var undirritað samkomulag milli aðildarféлага BHM, BSRB og KÍ annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar um fyrirkomulag á samráði og upplýsingamiðlun vegna starfsmanna borgarinnar. Samkomulagið tók gildi 1. júlí sl. Markmið þess er að koma á skilvirku samráði með hagsmuni beggja aðila, borgarinnar og starfsmanna hennar, að leiðarljósi. Með samráðinu gefst tækifæri til að auka þátttöku fulltrúa starfsmanna í ákvörðunum sem varða störf borgarstarfsmanna, stöðu þeirra og atvinnuöryggi.

Sérstök samráðsnefnd verður vettvangur upplýsingagjafar og skoðanaskipta. Hún verður skipuð þremur fulltrúum Reykjavíkurborgar og þremur fulltrúum heildarsamtaka starfsfólks. Miðað er við að borgin veiti fulltrúum starfsmanna með góðum fyrirvara upplýsingar um ákvörðunarferli sem snertir starfsfólk þannig að því gefist eðlilegt ráðrúm til að kynna sér málavexti og taka afstöðu til þeirra áður en endanlegar ákvarðanir liggja fyrir. Þannig verður borgaryfirvöldum, eftir atvikum, gert kleift að taka tillit til sjónarmiða fulltrúa starfsfólks. Formaður BSRB hefur lýst ánægju sinni með samkomulagið og væntir góðs af því í framtíðinni.

Sumarhópur Vinnumiðlunar ungs fólks

Vinnumiðlun ungs fólks var með þá nýbreytni í sumar að hafa starfandi hóp ungs fólks með það hlutverk að skipuleggja ýmsa viðburði og gefa út rafrænt fréttabréf þar sem meðal annars var fræðsla og umræða um réttindi og skyldur sumarstarfsmanna. Fréttabréfið kallast Rafbrot og var sent öllum sumarstarfsmönnum hjá Reykjavíkurborg á aldrinum 17-25 ára. Sumarhópurinn kynnti sér hin ýmsu mál sem varða atvinnuþátttöku ungmenna og stóð fyrir viðburðum í sumar sem tengjast því. Fulltrúar hópsins komu í heimsókn á skrifstofu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og spurðu margvíslegra spurninga sem varða stéttarfélagsmál, réttindi og

skyldur. Fagnar Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þessu þarfa framtaki hjá Reykjavíkurborg.

Ráðstefna NTR í Reykjavík

Um miðjan júní var haldin samnorræn ráðstefna í Reykjavík með yfirskriftinni Nýjungar í opinberri þjónustu í NTR.

NTR eru samtök starfsmannafélaga sveitarfélaga á Norðurlöndum. Fulltrúar BSRB á ráðstefnunni auk Ögmundar Jónassonar form. BSRB voru Garðar Hilmarsson form. St.Rv., Sjöfn Ingólfssdóttir starfsm. St.Rv., Lárus Rögnvaldsson fulltr. St.Rv., Elín Björg Jónsdóttir varaform. BSRB og Helga Jónsdóttir framkv.stj. BSRB.

NTR heldur árlega slíka ráðstefnu. Ráðstefnan sjálf var á Grand Hóтели og hófst á erindi Sigurðar Helgasonar, ráðgjafa og fyrrum varaaðalritara Norræna ráðherraráðsins. Erindi hans nefndist: Nýjungar sem kenning, sem hugtak og aðferð.

Í framhaldi af erindinu fluttu sérfræðingar frá hinum Norðurlöndunum erindi sem snertu viðfangsefni ráðstefnunnar. Fram fóru hringborðsumræður með þeim sem fluttu erindin auk vinnu í hópum.

Borgarstjóri Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson var með glæsilega móttöku í Höfða fyrir gesti ráðstefnunnar, sem voru í kring um 100 manns, fulltrúar úr bæjarstarfsmannafélögum frá norðurlöndunum.


Vilhjálmur hélt ræðu og sagði fólki frá Höfða og þeim merku hlutum sem þar hafa farið fram. Vilhjálmur talaði um að samtök opinberra starfsmanna NTR gegndu lykilhlutverki innan höfuðborga norðurlandanna. Ekki aðeins gagnvart réttindum starfsmanna heldur einnig í því að breyta viðhorfi almennings til opinberrar stjórnsýslu og opinberra starfsmanna.

Vilhjálmur sagði frá viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar, þar sem þátttaka var með eindæmum góð og í flestum þáttum má segja að starfsmenn Reykjavíkurborgar séu ánægðir í störfum sínum hjá borginni.



Þessa fallegu mynd sendi Þorleifur Óskarsson orlofsgestur á Úlfjótuvatni okkur. Um leið og við birtum þessa mynd minnum við á vetrarleigu orlofshúsa.

Fjölbreytt námsframboð Starfsmenntar



Símenntun varðar þig

www.smennt.is

Fræðslusetrið Starfsmennt býður upp á fjölbreytt nám á þessari haustönn. Starfsfólk getur valið úr fjölda starfstengdra námskeiða eftir því hvað hentar þeim og þeirra vinnustað best. Hægt er að bæta við færni sína og þekkingu innan stærri námsleiða sem unnar hafa verið í öflugum samstarfi Starfsmenntar, starfsfólks og stjórnenda eða að taka styttri, stök námskeið sem varða almenna hæfnisþætti. Þá geta stofnanir enn sem fyrir kallað eftir sérstakri þjónustu inn á vinnustaðina, hvort sem það er Ráðgjafi að láni til að vinna að eflingu mannaúts eða farandfyrirlesarar sem koma með styttri innlegg. Á þennan hátt leitast Starfsmennt við að koma sem best til móts við bæði þarfir ríkisstarfsmanna og stofnana og teflir fram fjölbreyttu námsframboði og sveigjanlegri þjónustu.

Starfstengdar námsleiðir

Flest námskeið Starfsmenntar eru innan svokallaðra starfstengdra námsleiða. Hér er um að ræða heildstæð námskerfi sem unnin hafa verið í margvíslegu samstarfi og oft með aðstoð Ráðgjafa að láni. Útkoman úr þeirri samvinnu er námsleið sem tekur á brýnustu endur- og símenntunarpörf starfsfólks og er aðlöguð að þeirra sérstöðu. Á þessari önn er boðið upp á margar nýjar námsleiðir sem hannaðar hafa verið innan stýrihópa Starfsmenntar. Hér má t.d. nefna Lausnir fyrir lyfjatækna og Stoð sem er 40 stunda námsleið fyrir starfsfólk svæðis- skrifstofa um málefni fatlaðra. Stoð á rætur að rekja til ákvæða í stofnanasamningi og er viðbót og valkostur við núverandi lengra starfsnám. Stoð er ætlað að koma til móts við

breyttar kröfur og vinnulag á vinnustað og fer námið fram út um allt land.

En fleiri starfstengdar námsleiðir líta einnig dagsins ljós nú í haust. Leiksviðstæknar sem sjá um hljóð, mynd og leikmuni leikhúsanna hafa hannað námsleið sem nefnd er Á fjöllum og starfsfólk heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana tekur þátt í námsleið sem nefnd er Heilsa. Heilsa er tvískipt nám sem ætlað er annarsvegar riturum stofnana og hinsvegar skrifstofustjórum og millistjórnendum. Þessar námsleiðir eru einnig í boði á landsvísu og byggir Starfsmennt þar á góðu samstarfi við fræðsluhaldara um allt land og öflugum vefkerfi sem nær fljótt og vel til þátttakenda.

Almenn námskeið

Almenn námskeið Starfsmenntar eru stök námskeið sem nýtast öllum starfsstéttum og er þar tekið á ýmsum almennum hæfnisþáttum sem koma að notum bæði í einkalífi og starfi. Hér er um að ræða t.d. minni námskeið þar sem enskukunnátta er eflað, sjálfstraust aukið, starfsandi styrktur eða tekið á samskiptum á vinnustað. Þá er boðið upp á námskeið til að vinna gegn kvíða við að koma fram og tala máli sínu. Námskeiðið Starfið-heimilið-lífið er ætlað þeim sem vilja ná tökum á hraða og stressi og finna jafnvægi milli þessara grunnþátta. Þá hafa námskeiðin um innleiðingu starfsmanna- viðtala verið mjög vinsæl og eftirsótt út um allt land ásamt námi í verkefnastjórnun.

Af stærri námskeiðum má nefna tvær klassískar námslínur sem verða fjarkenndar á

þessari önn en þær eru Rekspölur I - almennt starfsnám og Framrás II þar sem fjallað er um þjónustuviðmót og þjónustumenningu. Rekspalar- og Framrásar- námskeiðin hafa verið vel sótt af stórum hópi ríkisstarfsmanna sem oftast en ekki eru andlit sinna stofnana og í þeirri framvarðasveit sem kunna þarf til verka í samskiptum og miðlun upplýsinga. Rekspalar- og Framrásar- námskeiðin hafa alla burði til að leggja mikilvægan grunn að frekara námi og þekkingarleit þátttakenda.

Tölvunám og ráðgjöf


Tölvunámskeið Starfsmenntar hafa notið mikilla vinsælda en þau eru fjarkennd gegnum netið og þar sem kennari veitir mjög góða leiðsögn og býður upp á símaþjónustu, þá eru tæknileg vandræði sjaldnast til trafala. Boðið er upp á 80 stunda grunnnám og sex 24 stunda framhalds- námskeið. Tölvunámskeiðin eru einstaklingsmiðuð að því leyti að þátttakendur ákveða stað og stund þegar nám fer fram og geta farið hratt yfir þá námsþætti sem þeir eru fullnuma í.

Önnur einstaklingsmiðuð þjónusta sem Starfsmennt veitir er náms- og starfsráðgjöf fyrir félagsmenn aðildarfélaganna. Markmiðið með námsráðgjöfinni er að gefa félagsmönnum tækifæri til að viðra hugmyndir sínar um símenntun og starfsþróun við sérmenntaða ráðgjafa og átta sig á styrkleikum sínum og lífsstefnu. Áhugasamir geta þátttöku við námsráðgjafa á skrifstofu Starfsmenntar fyrir Reykjavíkursvæðið og hjá öllum símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Þá er einnig í boði fyrir félagsmenn námskeið um áhugasvið og starfsferil þar sem þátttakendur taka saman á einn stað færni sína, nám og starfsreynslu. Slík færnimappa leggur góðan grunn að frekari starfsþróun og símenntunarmöguleikum starfsmanna.

Öll þjónusta Starfsmenntar er án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaganna og greiðir Starfsmennt einnig út ferða- og dvalarstyrki skv. reglum setursins. Nánari upplýsingar um námsframboð og þjónustu við stofnanir veita starfskonur Fræðslusetursins Starfsmenntar í síma 525 8395 og fara skráningar í nám fram á heimasíðu setursins: www.smennt.is

*Hulda A. Arnljótsdóttir framkvæmdastjóri
Starfsmenntar*

Verðlaunakrossgáta

		FJANDA BLIÐA	KRAFT- AR VOTUR	HÖLMI DRAUP	NÓTT	SIGTI EYÐA LEKKA		MÖRKNI
								ELD- STÆÐI
		SNEMMA GRÖM HERSLIÐ			KANT- UR BARNI	8		
			HEMPLI SPROTA				SLA ÁLPAST	
MARRI	↓	JÖRB VELLING MYNT			KLAUFSK ÖTUL			
		7	BYRSTA BEITU				FLASI AVINN- INGUR	
TYI- BAKA SÝN				FLÓKTI BLÖSKR- AÐI		ELSKAR HRABA	3	KYRRÐ
			GLAPI ANGA	9		KEYRA FLJÓTUM		BORGÍ KÍGUN
SÁLINA FÆDDU				GLÖGG HÁL			KUSK SKÍTUR	
		HÓPS AFORMA			FJASA FIMU	2		FADM- UR
TREG SAMT			VONDU KYRKJA			GLUFA BROT- LEG		
		HALD ÍMYND- LIN	5	GUFU			EIRA ERLEND- IS	
TÆKI REFSING ÆTID			MIKIÐ REKALO			RIFIÐ NALÆGÐ		
				DEPIL AGÆTU		4		EINNIG GETUR
	↓	TÓN- VERK VONA		SKOÐA ÆR		STORMIR GAGN- LEG		BLAÐ Y RÓLT
UM- KRINGJA ÞRELL			FRAM- ANDI GUBBAR					PIPINA
		HÆTTU- LEGI HULDU- FOLK	6		FEN BRÍSA		ÁST- FÖLGINN BLÖM	
RISPA OFN			GEÐ SMÁ- BYLI	10		SPARK MÁNLAÐ- UR		
	LELEGI BJÖR			ATORKLI ÖBLAST		1	GRUNIR NAFN- LAUS	
		AMBOÐ			EYKTA- MARKS			KOMAST
BJARG- BRUN DÆLD			HAKAN				SJÖR	

Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna.

Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða helgardvöl í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum.

Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 15. október 2007.